

## Fundargerð – 514. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf. var haldinn þriðjudaginn 12. maí 2020, kl. 16:30. Fundurinn var með fjarfundarsniði.

Mættir: Öundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

### Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir apríl.
  2. Rekstraryfirlit fyrsta ársfjórðungs 2020.
  3. Ársreikningur 2019 og undirbúningur aðalfundar.
  4. Magntölur síðasta árs - yfirlit.
  5. Nýr vefur Kölku.
  6. Tölfræði flokkunar og átak í flokkunarmálum.
  7. Önnur mál.
- 
1. Framkvæmdastjóri stiklaði á stóru í rekstri Kölku frá síðasta stjórnarfundum. Í kynningu hans kom m.a. eftirfarandi fram:
    - a. Brennslu á endurvinnsluefni var hætt 6. maí og því komið aftur í hefðbundinn farveg hjá Terra eftir að Umhverfisstofnun lækkaði viðbúnaðarstig sem sett var á í ljósi kórónuveirufaraldurs.
    - b. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður funduðu með fulltrúa HES til að ræða hugsanlegan losunarstað fyrir múrbrot og postulín. Fram kom á fundinum að boltinn er hjá sveitarfélögunum sem þurfa að taka losunarstaði inn í skipulag og fá leyfi fyrir þeim.
    - c. Í apríl var áfram unnið í hugmyndum um grenndarstöðvar og voru tvær tillögur kynntar fulltrúa Reykjanesbæjar. Kalka hefur mælt með að riðið verði á vaðið með þrjár grenndarstöðvar.
  2. **Rekstraryfirlit fyrsta ársfjórðungs 2020.** Lagt fram til kynningar. Reksturinn á fyrsta fjórðungi hefur verið í ágætu jafnvægi þótt dregið hafi úr streymi ýmiss efnis síðustu mánuði. Aðrir straumar hafa haldist sterkir og áhrifin á Kölku ekki stórvægileg á fyrsta fjórðungi.
  3. **Ársreikningur og undirbúningur aðalfundar.** Ársreikningur lagður fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að undirbúa boðun aðalfundar.
  4. **Magntölur síðasta árs.** Lagðar fram til kynningar. Grænt bókhald Kölku er í vinnslu og kemur út á næstu dögum.

  
IRH 'AHK POP

5. **Nýr vefur Kölku.** Stefna ehf. hefur kynnt fyrir kynningar- og markaðsnefnd Kölku tillögu að nýju veftré og skipulagi upplýsinga á vefnum. Þeirra tillögur hafa verið samþykktar með breytingum og vefurinn kominn á hönnunarstig.
6. **Tölfræði flokkunar og átak í flokkunarmálum.** Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um flokkun á heimilisúrgangi á milli svæða á Suðurnesjum. Einnig verði farið í átak í flokkunarmálum. Markmiðið er að upplýsa íbúa um mikilvægi og umfang flokkunar úrgangs.
7. **Önnur mál:**
  - a. Framkvæmdastjóra barst erindi frá stjórnendum grunnskóla um hvort halda eigi áfram þeirri hefð að gefa bók um náttúrufræði eða umhverfismál sem afhent er til viðurkenninga við skólaslit. Samþykkt var að halda þeirri hefð áfram að gefa til allra grunnskóla á Suðurnesjum.
  - b. Fulltrúi Voga benti stjórn á að gámaplan Kölku í Vogum þarfnast endurskipulagningar. Vegna aukins umfangs á gámaplani.

Næsti fundur er áætlaður 9. júní kl. 16:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10.

  
Önnundur Jónsson

  
Laufey Erlendsdóttir

  
Inga Rut Hlööversdóttir

  
Ásrún Kristinsdóttir

  
Páll Orri Pálsson

  
Steínþór Þórðarson